


Mótt.: 22 AUG. 2011

Mál nr.

2010100042



## Tagl í Vesturbyggð

Skipulag frístundabyggðar

**GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGI**

Dags. 23. júní 2011



LANDMÓTUN®

Yngvi Þór Loftsson, Þuriður Ragna Stefánsdóttir og Margrét Ólafsdóttir  
Hamraborg 12, 200 Kópavogi  
sími 575 5300 fax 554 5360

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Skipulagsnefni þann 16. Júní 2011 og i Bæjarstjórn þann 29. Júlí 2011.

Tillagan var auglýst frá 2. maí 2011 með athugasemdafresti til 13. Júní 2011

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 20.



**Efnisyfirlit:**

1. INNGANGUR	4
2. STADHÆTTIR	4
3. AÐKOMA, VEGIR OG BÍLASTÆÐI	4
4. GÖNGULEIÐIR	4
5. SKILMÁLAR	4
6. HÆTTUMAT	5
7. VEITUR OG LAGNIR	5
7. HNITASKRÁ FYRIR LÓÐAMÖRK	6

**Teikningaskrá:**

Teikningar sem fylgja greinargerðinni eru þessar:

- nr. D-01. Deiliskipulagsuppdráttur (mælikvarði 1: 2000)  
nr. DS-01. Skýringaruppdráttur (mælikvarði 1: 2000)

## 1. Inngangur

Deiliskipulagssvæðið nær yfir um 22,8 ha svæði við Tagl í Vesturbyggð. Þar af er svæði fyrir fristundahúsin um 13 ha. Annað er undir leiksvæði, gönguleiðir o.fl.

Í gildandi aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006 – 2013 er svæðið skilgreint sem svæði undir fristundabyggð.

Kortagrunnur er upprétt loftmynd og hæðarlínur frá Loftmyndum ehf.

## 2. Staðhættir

Svæðið er austan við þjóðveg nr. 63 sem liggur á milli Bildudals og Tálknafjarðar. Sunnan við er skógræktarsvæði Skógræktarfélags Bildudals, norðan við er golfvöllur og austan við rennur Seljadalsá.

## 3. Aökoma, vegir og bílastæði

Ein tenging er inn á svæðið frá þjóðvegi nr. 63, Bildudalsvegi.

Gert er ráð fyrir að vegurinn inn á svæðið sé samnýttur inn á skógræktarreiðinn, þar sem gert er ráð fyrir samtals 14 bílastæðum.

Landeigandi leggur veg um svæðið (eins og skipulagsuppdráttur sýnir) og sér um viðhald hans. Gert er ráð fyrir að lóðarhafar framkvæmi sjálfir 2 bílastæði í samræmi við staðsetningu húsa.

## 4. Gönguleiðir

Gönguleiðir liggja meðfrá Seljadalsá að skógræktarsvæðinu og vestan við leiksvæði, að golfvelli. Þá er gert ráð fyrir göngustíg meðfram vegi og út yfir Bíldudalsveg. Gönguleiðir sem liggja utan vega eru sýndar á skipulagsuppdráttum en ekki er gert ráð fyrir uppbyggðum stíglum heldur verði þeir markaðir t.d. með stíkum.

## 5. Skilmálar

Stærð byggingarreita er breytilegur en megin reglan er að þeir eru 20 m frá lóðamörkum meðfram vegum og 10 m frá öðrum lóðamörkum milli lóða. Fjarlægð frá lóðamörkum við ána er 30 m og frá lóðarmörkum sem liggja að þjóðvegi er 40 m. Sjá nánar á deiliskipulagsuppdrætti. Staðsetning húsa er frjáls innan byggingarreita.

Aðalmænisstefna húsa er sýnd á deiliskipulagsuppdrætti.

### Stærð og lögun húsa.

Almennt er vísað til ákvæða gildandi byggingarreglugerðar um efni og gerð sumarhúsa. Að auki skulu gilda eftirfarandi ákvæði. Hámarksnýtingarhlutfall á lóðum er 0,03. Húsin mega vera ferhyrnd, L-laga eða T-laga. Þök þeirra skulu vera með risformi en þó eru "A-hús" ekki leyfð. Heimilt er að reisa allt að 25 m<sup>2</sup> gestahús eða geymslur innan byggingarreits. Gæta skal samræmis í útliti húss og geymslu.

Hæðarsetning húsa skal vera sem lægst frá jörðu, en miðast við aðstæður í hverju tilviki.

Þakhalli skal vera á bilinu 18-45°.

Hæð útveggja frá gólfí skal ekki vera yfir 3,2 m.

Mænishæð skal mest vera 6,0 m, mælt frá gólfí á efri brún sperra.

Litaval útveggja er frjálst nema varast ber skæra eða mjög ljósa lit. Þök skulu vera dökk, koksgrá eða jarðlituð.

**Gírðingar** Ekki er heimilt að gírða hverja lóð fyrir sig. Landeigandi mun gírða allt svæðið með fjárheldri gírðingu.

## 6. Hættumat

**Aurskriður og grjóthrun.** Ekki er talin hætta á aurskriðum eða grjóthruni innan frístundalóða á deiliskipulagssvæðinu þar sem engin ummerki eru um að hrún hafi náð yfir Seljadalsá.

**Snjóflóð.** Vitað er til að litlar snjóspýjur hafi fallið úr skorum og klettum ofan svæðisins og að litir flekar hafa farið af stað uppi við brún og fallið niður gilskorur. Ekki hafa fundist heimildir um stór flóð á svæðinu en þar hefur ekki verið áður byggð og því er ekki víst að flóð hefðu verið skráð en nálægð við þéttbýlið á Bíldudal eykur líkurnar á að menn hefðu tekið eftir stórum flóðum.

**Hættumat.** Veðurstofan skv. umsögn dagsett 24.5.2011 mælir til þess að byggingar séu utan C-svæðis skv. reglugerð 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats. Byggingarreitir innan frístundabyggðalóða eru því staðsettir fjarhljóinni en sem nemur rennslisstig 14 en á deiliskipulagsuppdrætti er dregin lína sem sýnir þessi mörk.

## 7. Veitur og lagnir

Ekki liggur fyrir hönnun á veitum og lögnum en gert ráð fyrir að lagnaleiðir verði meðfram vegum og í stígum en um frágang þeirra verði haft samráð við byggingarfulltrúa og veitustofnanir. Veitur fyrir kalt vatn eru á ábyrgð landeigenda og þeir eru skuldbundnir að skila vatni með þrýstingi og þar með viðhaldi.

Vegir utan lóða eru sömuleiðis eign landeigenda sem ber að halda þeim við.

Kalt vatn verður leitt að lóðarmörkum af landeiganda, en leigutaki greiðir heimtaugagjald.

**Rafmagn.** Orkubú Vestfjarða mun leiða rafmagn að tengistöðum en leigutaki greiðir heimtaugagjald.

### Frárennsli

Staðsetning á rotþróm og frárennslislögnum fyrir hvern bústað er ekki sýnt á skipulagsuppdrætti en verða sýndar á byggingarnefndarteikningum. Frágangur og gerð rotþróa og frárennslislagna skal gera í samráði við heilbrigðiseftirlit og fara skv. ákvæðum heilbrigðisreglugerðar og leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins. Uppbygging og viðhald frárennslis verður á vegum leigutaka.

### Sorpir

Leigutakar munu sjálfir sjá um að koma sorpi í gáma á vegum Vesturbyggðar. Þangað skal fara með allt viðeigandi sorp.

**8. Hnitaskrá fyrir lóðamörk**

- |                               |                               |
|-------------------------------|-------------------------------|
| 1. 287049.6091 ; 582067.3267  | 30. 287086.9293 ; 581935.3580 |
| 2. 287060.0456 ; 582072.9785  | 31. 287055.5729 ; 581923.2156 |
| 3. 287122.5538 ; 582056.0330  | 32. 287028.4068 ; 581911.1373 |
| 4. 287170.5422 ; 581994.7146  | 33. 287162.6110 ; 581822.0334 |
| 5. 287174.2231 ; 581981.6639  | 34. 287149.2186 ; 581790.7662 |
| 6. 287099.3392 ; 581956.4250  | 35. 286992.9353 ; 581827.0720 |
| 7. 287081.8191 ; 581950.5200  | 36. 286994.4693 ; 581873.7566 |
| 8. 287035.8389 ; 581931.8991  | 37. 286997.3764 ; 581814.1258 |
| 9. 286978.1963 ; 582031.5498  | 38. 287004.3549 ; 581794.0792 |
| 10. 286897.0945 ; 582003.5484 | 39. 287007.2797 ; 581763.2741 |
| 11. 286885.3194 ; 581998.7526 | 40. 287174.9609 ; 581719.2736 |
| 12. 286990.8575 ; 581900.4711 | 41. 287105.2786 ; 581647.2705 |
| 13. 287018.8767 ; 581924.2688 | 42. 286988.9082 ; 581726.6453 |
| 14. 286979.3298 ; 581878.9378 | 43. 286944.3134 ; 581685.7453 |
| 15. 286974.6788 ; 581855.9060 | 44. 286934.9150 ; 581659.5345 |
| 16. 286815.5652 ; 581898.2168 | 45. 287009.0467 ; 581598.2634 |
| 17. 286847.6593 ; 581800.0538 |                               |
| 18. 286862.3856 ; 581775.2331 |                               |
| 19. 286982.4008 ; 581808.4776 |                               |
| 20. 286989.2443 ; 581788.8190 |                               |
| 21. 286976.0881 ; 581736.5976 |                               |
| 22. 286933.4988 ; 581697.5369 |                               |
| 23. 286919.5997 ; 581672.1928 |                               |
| 24. 286892.8133 ; 581694.3323 |                               |
| 25. 287178.5719 ; 581966.2453 |                               |
| 26. 287218.3464 ; 581895.7805 |                               |
| 27. 287212.9914 ; 581871.5423 |                               |
| 28. 287176.0033 ; 581853.3005 |                               |
| 29. 287102.2906 ; 581940.5354 |                               |

## 9. Heimildaskrá

Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.

Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Veðurstofa Íslands, 24.5.2011. Staðbundið hættumat vegna deiliskipulags fristundalóða í Bíldudal.

Þjóðminjalög nr 107/2001.